



Trúnaðarmannaráðsfundur Sameykis

15. maí 2025 kl. 15:00

Grand hóteli, Háteigi

Fundarritari: Jakobína Þórðardóttir

Dagskrá:

1. Kári Sigurðsson setur fundinn og fer yfir verkefnin í dag og framtíðasýn
2. Kynning á starfsreglum stjórnar
3. Tillögur stjórnar um breytingar á úthlutunarreglum styrktar og sjúkrasjóðs
4. Skipan í laganefnd
5. Breytingar á fyrirkomulagi funda –könnun með Mentemeter
 - A) Hvernig finnst trúnaðarmönnum l nýtt fyrirkomulag funda.
 - B) Hugmyndir að efni á fundi.
6. Önnur mál

1. **Kári Sigurðsson setti fundinn** og skipaði Gunnsteinn R. Ómarsson framkv.stj. Sameykis fundarstjóri hann talaði um að þetta væri síðasti fundur þessa fulltrúaráðs, en nú fara fram kosningar . Síðan fór hann yfir þau verkefni sem stjórn félagsins hefur verið að vinna að hann talaði meðal annars um það að unnið væri að meira gegnsæi í störfum stjórna að fundargerðir verði birtar á vef Sameykis, að stjórn og stafrólk skrifi undir trúnaðareyð. Hann sagði einnig frá afskiptum félagsins að sölu Fríhafnarinnar yfir til Heinemann og hvernig félagið hafa verið að gæta að hagsmunum félagsfólks en Heinemann hugðist flytja fólk yfir í VR sem Sameyki hefur hafnað.

2. Kynning á starfsreglum stjórnar Kári Sigurðsson kynnti

Kynt voru drög að tillögum að formlegum starfsreglum nýrrar stjórnar Sameykis. Skjalið er enn í vinnslu á vegum stjórnar, en eru á meðal áhersluatriða hennar um aukið gagnsæi og meiri upplýsingamiðlun til félagsfólks. Reglunum er m.a. ætlað að koma í veg fyrir að unnt sé að gera starfslokasamninga á borð við þann sem nýlega var gerður og vakið hefur athygli og umtal. Að mati lögmanna krefst sú tillaga breytingar á lögum félagsins. Þá felast einnig í tillögum stjórnar að auka vægi trúnaðarmannaráðs Sameykis í störfum félagsins, en í því sitja í heild 330 trúnaðarmenn starfsstaða og stofnana um allt land.

Í heild fela megingintillögur stjórnar um starfsreglur stjórnar í sér skýrar reglur sem varða mögulega hagsmunaárekstra stjórnar- og starfsfólks Sameykis, trúnaðaryfirlýsingar, sem starfsfólki og stjórn verður gert að undirrita, ákvæði er varða skyldur og réttindi fulltrúa í stjórn Sameykis, sem nýtast ekki síst þeim til kynningar sem hafa áhuga til að taka að sér trúnaðarstörf fyrir Sameyki, svo nokkur áhersluatriði séu nefnd en eftir á að afgreiða formlega. Nánari grein verður gerð fyrir þessari vinnu þegar nær dregur lokaútgáfu skjalsins.

3. Tillögur stjórnar um breytingar á úthlutunarreglum styrktar og sjúkrasjóðs Borghildur Sigurðardóttir og Kári Sigurðsson kynntu.

Borghildur byrjaði á því að tala um að það hafi eitthvað borið á misskilningi um að það þyrfti að spara í sjóðnum vegna starfslokasamnings við fyrri formann en hún lagði áherslu á að sjóðurinn væri algjörlega sjálfstæður og iðgjöld sem greidd eru af atvinnurekendum samkvæmt kjarasamningi greiddi aðeins úr sjóðnum vegna þeirra verkefna sem falla undir markmið sjóðsins.

Á árinu 2024 varð tap á rekstri sjúkrasjóðs Sameykis sem nam um 65 mkr. Félagið gerir skýlausa kröfu um fjárhagslega sjálfbærni í rekstri sjóðsins og hefur því gert tillögur að niðurskurði á ýmsum liðum í útgjöldum til ákveðinna fjárhagsliða. Tillögurnar eru enn í vinnslu og er ekki enn fyllilega ljóst hvar verður borið helst niður í niðurskurði og í hvaða mæli. Meðal þeirra liða sem ræddir voru á trúnaðarmannaráðsfundinum voru kostnaðarliðir er varða lækkun á hámarki sjúkradagpeningagreiðslna, lækkun á útgreiðslum vegna tannlæknakostnaðar og lækkun fæðingarorlofsstyrkja svo nokkuð sé nefnt. Það voru margir sem tjáðu sig undir þessum lið og sitt sýndist hverjum.

4. Skipan í laganefnd Ingibjörg Sif Sigríðardóttir, formaður laganefundar Sameykis

Ingibjörg Sif kynnti nýja skipan í laganefnd félagsins þar sem til þessa hafa setið sex, en verða átta til næsta aðalfundar. Í nefndinni eru, auk Ingibjargar, Suzana Vranjes, Kristín Erna Arnardóttir, Svanhildur Steinarsdóttir, Helga Bryndís Kristjánsdóttir og Egill Heiðar Gíslason. Með breytingunni hafa nú tekið sæti þeir Garðar Sveinsson og Trausti Jónsson, sem einnig hafa dýrmæta þekkingu á málaflokknum sem nýtast mun laganefnd Sameykis í verkefnum sínum fram undan. Enn er hægt að bæta við áhugasömum í nefndina og ingibjörg gaf upp sitt netfang isi@or.is fyrir áhugasama.

5. Breytingar á fyrirkomulagi funda –könnun með Mentemeter Jakobína Þórðardóttir

Jakobína fór yfir hvernig breytingar voru gerðar á fyrirkomulagi funda síðastliðinn vetur í kjölfar umfjöllunar í hópum á trúnaðarmannaráðsfundi sl. vor. Nýttur var mentemeter til þess að kanna hug ráðsins, sem verður svo nýtt í áframhaldandi starfi.

6. Önnur mál

Að fundi loknum var boðið upp á léttar veitingar DJ Dóra Júlía spilaði undir spjalli fundargesta.